

Skýrsla og Samantekt

um aðbúnað, laun og þóknun fanga.



Höfundur

Viktor Agnar Falk Guðmundsson

Inngangur

Í þessari greinargerð er fjallað um hvernig mætti breyta og bæta galla á núverandi fyrirkomulagi við utanumhald, rekstur og annars fyrirkomulags á refsivörsluakerfi Íslands.

Margir vankantar eru á refsivörsluakerfinu í þeirri mynd sem nú má sjá við skrif þessi dagsett 28. September 2023

Fangelsin eru nokkur og verður fjallað að eitthverju leyti um þau öll en stór hluti skýrslunnar er unnin upp af reynslu höfundar af vist sinni á Hólmsheiði og Litla-Hrauni.

Úrvinnsla á gögnum úr greiningarskýrslu þessari er á ábyrgð þess sem með þau vinnur, fyrirvari skal hafður á að upplýsingar séu réttar með það til hliðsjónar að bæði er unnið með traustar og ótraustar heimildir.

Laun og þóknun

Samantekt

Sem stendur ríkir mikill ólestur varðandi launamál og þóknun til fanga, er taxti vegna vinnu settur upp þannig að fangar fá greidda þóknun fyrir störf sín í fangelsi.

Störfin eru margvísleg en uppruna þeirra má rekja til framleiðslu númeraplata. Samningur er á milli Samgöngustofu og Fangelsismálastofnunar um fyrrgreint verkefni.

Ætla má að tekjur stofnunarinnar af framleiðslunni séu verulegar en að meðaltali eru framleiddar um 300 númeraplötur á dag, alla virka daga en allt að 800 plötur þegar mest er.

Áætluð innkoma númeradeildar

Samkvæmt heimildum höfundar fær Fangelsismálastofnun greiddar 1.380kr án vsk, fyrir hverja framleidda númeraplötu frá Samgöngustofu.

Að ofangreindu má gera ráð fyrir að Fangelsismálastofnun fái því greiddar 414.000kr á dag að undanskildum virðisaukaskatti eða 515.430kr að honum viðbættum.

Gerir það 2.577.150 kr. á viku og ef miðað er við meðaltal virkra daga í mánuði yfir árið sem eru 22,5 dagar í mánuði reiknast höfundi að heildar innkoma sé að meðaltali 11.597.715kr að meðtöldum virðisaukaskatti yfir eins mánaðar tímabil.

Starfmenn númeradeildar

Í númeradeild starfa tveir starfsmenn, er það hlutverk annars að stimpla númerin og sér hinn um að lita (prenta) plötunar, flokka þær eftir viðtakendum og pakka.

Laun og vinnustundir

Launataxti fyrir innt störf í númeradeild er eins og fyrir önnur störf í fangelsinu 415 kr. á hverja unna klukkustund.

Störf hefjast klukkan 8:30 á morgnana alla virka daga og er unnið að staðaldri til 14:45 mánudaga til fimmtudaga en til 11:30 á föstudögum.

Þó er unnið til 16:00 þegar næg verkefni eru fyrir hendi.

Ekki eru greidd laun í matarhléi sem haldið er frá 11:30-12:30.

Kostnaður við starfsmenn í númeradeild

Þannig mætti áætla að kostnaður við starfsmenn sé sem hér segir;

Miðað við vinnu til 16:00 (6,5 klst) í heila viku;

- 13.488 kr. pr.mann
- 26.975 kr. pr. tvo menn

Miðað við vinnu til 11:30 (3 klst) í heila viku;

- 6.225 kr. pr.mann
- 12.450 kr. pr.tvo menn

Á mánaðargrundvelli m.v. vinnu til 16:00 (6.5 klst.) alla virka daga;

- 121.410 kr. pr. tvo menn
- 60.705 kr. pr. mann

Á mánaðargrundvelli m.v. vinnu til 11:30 (3 klst) alla virka daga;

- 56.026 kr. pr. tvo menn
- 28.013 kr. pr. mann

Efnislegur kostnaður við framleiðslu í númeradeild

Hvað efnislegan kostnað varðar eru heimildir höfundar að hver tóm númeraplata kosti €3 og verður stuðst við núverandi gengi 27. september 2023 sem er 145,7 kr. og ber að nefna prentborða sem notaður er til þess að lita upphleyptan hluta hverrar númeraplötu sem mynda bók- og tölustafi. Kostar hver rúlla stök €55,46 í innkaupum ef keypt er stök rúlla eða €44,13 séu keyptar 100 stk. saman í pakka.

Hver rúlla af lit dugar að meðaltali á u.þ.b. 160 númeraplötur.

Við eftirfarandi útreikninga verður stuðst við ofangreindar upphæðir og heimildir samkvæmt launaseðlum og upplýsingum frá heimasíðu framleiðenda, en reikna má með að innkaup í stóru magni lækki efnislegan kostnað eitthvað.

Sundurliðun á efnislegum framleiðslukostnaði

- Stök númeraplata kostar 477 kr. í framleiðslu m.v. evrugengi dags. 27. september 2023 og skiptist kostnaður í tvennt, annars vegar í kostnað á blekborða (40 kr.) og svo á númeraplötunni sjálfri. (437 kr.)
- 300 númeraplötur kosta 143.130 kr. í framleiðslu m.v. sömu forsendur og eru gefnar upp hér að ofan.

Sundurliðun á efnislegum kostnaði (frh.)

Þegar tekinn er saman heildarkostnaður við framleiðslu yfir einn mánuð m.v. framangreint meðaltal sem er unnið upp af reynslu höfundar lok sumars og haust 2023 er niðurstaðan sú að Fangelsismálastofnun greiðir 3.341.825 kr. í kostnað í formi efnis og launa/þóknunar.

Þá nemur innkoma af ofangreindri framleiðslu 11.597.715 kr. m.v. sömu forsendur að meðtöldum virðisaukaskatti.

Að frádregnum kostnaði bæði efnislegum og launatengdum nemur hagnaður af þessari framleiðslu einni saman 8.255.890 kr. yfir eins mánaðar tímabil.

Úrvinnsla gagna og niðurstaða

Ekki liggur fyrir að svo stöddu staðfesting á taxa/verði sem Samgöngustofa greiðir Fangelsismálastofnun fyrir hverja númeraplötu og einnig má gera ráð fyrir að efnislegur kostnaður sé mun lægri þegar keypt er inn í verulegu magni eins og líklegt er að stofnunin geri.

Til hliðsjónar má gera ráð fyrir að hreinn hagnaður sé meiri en í áætluðum útreikning þar sem gert er ráð fyrir fullum vinnudegi (6,5 klst) við útreikning en aðeins unnið með meðaltal framleiðslunnar en þegar framleiddar eru 300 númeraplötur er sjaldan unnið heilan dag.

Launakostnaður er þó svo lítil breyta í stóra samhenginu að það hefur ekki stórkostleg áhrif á heildarmyndina, líta ætti frekar á krónutöluna 1.380 kr. í samningi Fangelsismálastofnunar og Samgöngustofu en líkur leiða að því að sá taxti hafi hækkað í takt við 136% hækkun á verði númeraplatna hjá Samgöngustofu á verðskrá sinni í júlí 2022. Kostnaður við hverja númeraplötu er 6.500 kr. miðað við vefsíðu Samgöngustofu sem sést á myndinni hér fyrir neðan. Ekki er augljóst af þeirri sundurliðun sem þar birtist hver kostnaðurinn er af númeraplötunni sjálfri.

Skráningarmerki - merki að framan	3.200 kr.
Skráningarmerki SGS - merki að framan	3.300 kr.
Skráningarmerki - merki að aftan	3.200 kr.
Skráningarmerki SGS - merki að aftan	3.300 kr.

Að framangreindu er ljóst að fangelsið hagnast á framleiðslunni um verulegar fjárhæðir og eru því þær spurningar á vörum margra hvert eftirstandandi fé renni og hvort að stofnunin sé hagnaðardrífri og hver hagnist á rekstri hennar?

Dagpeningar

Þá liggur fyrir að þeir sem ekki stunda vinnu fá greidda dagpeninga og nemur sú fjárhæð 630 kr. fyrir hvern virkan dag eða 3.150 kr. á viku.

Stundi menn vinnu eða nám fellur greiðsla dagpeninga niður. (sjá fylgiskjöl 1, 2 og 3, ATH einnig blandaðan launaseðil merktur fylgiskjal 4, 3 vinnudagar)

Skólapóknun

Stundi menn fullt nám eru greiddir 15 tímar á viku fyrir þá iðju á taxtanum 415 kr. á klukkustund. Höfundur telur ekki ástæðu til að gera sérstaka athugasemd við greiðslu þóknunar fyrir skólaástandun. Þó skal gerð athugasemd við niðurfellingu dagpeninga til þeirra sem stunda nám.

Aðrar starfsdeildir

Laun eru greidd fyrir vinnu í öðrum deildum fangelsisins en höfundur notar gögn og heimildir til vinnslu þessarar skýrslu úr þeirri deild sem hann hefur starfað í og hefur reynslu af og má lesa þá útreikninga hér að ofan.

Meðal annara deilda má nefna stálsmiðju, steypuskála, trésmíðaverkstæði, verkstæði, verslun og þvottahús.

- Stálsmiðja og verkstæði er rekið samhliða og starfa þar fjórir starfsmenn. Sinnir sú starfsemi aðallega viðhaldi og viðgerðum á innanstokksmunum og tækjakosti fangelsisins en einnig eru framleiddir þar ýmsir munir eins og leikfangagröfur svo eitthvað sé nefnt, höfundur þekkir ekki kostnaðarliði þessara deilda.
- Steypuskáli fangelsisins er nýttur undir endurvinnslu og flokkun á hráefni til endurvinnslu fyrir Hringrás í Gufunesi og starfa sex við þá iðju en höfundur er ekki kunnugt um hversu mikið magn er flokkað þar né hvers eðlis verktakasamningur er á milli Hringrásar ehf og Fangelsismálastofnunar.
- Trésmíðaverkstæði er rekið í fangelsinu, starfa þar fimm fangar við að framleiða trébekki og útileguborð ásamt öðrum munum úr tré.
- Verslun er starfrækt í fangelsinu til þess að mæta þörfum fanga um matvöru, tóbak, sælgæti og annara vara sem fangar þurfa að kaupa inn. Í versluninni starfa tveir fangar og á annar núverandi starfsmanna hrós skilið en hann hefur barist hörðum höndum fyrir takmörkum á álagningu á matvöru til fanga. Höfundur hefur ekki nákvæma tölfræði yfir rekstur verslunar en ekki er útlit fyrir að um mikinn hagnað sé að ræða ef einhver er.
- Þvottahús er rekið í fangelsinu með sex starfsmenn sem sinna þrifum á klæðnaði og öðrum þvotti fanga ásamt þrifum á þvotti tengdum rekstri fangelsisins.

Aðrar starfsdeildir (frh.)

Heilt yfir litið má ætla að stærstu tekjulindir fangelsisins á Litla-Hrauni af útseldri vinnu eigi uppruna sinn að rekja til framleiðslu á númeraplötum í númeradeild og við flokkun á sorpi til endurvinnslu, þó má ætla að hagnað megi sjá í rekstri trésmíðaverkstæðis.

Ólíklegt verður að telja að nokkur deild sé rekin með tapi.

Kaupmáttur fanga

Kaupmáttur fanga er afar lítil og ekki er óalgengt að fangar greiði umtalsverðar fjárhæðir með sér við vistun þar sem laun eða þóknun dugir ekki til uppihalds.

Tekið skal fram að fangar í húsi 3 fá útvegaðan mat í formi áfylltra kæla og skápa ásamt einni eldaðri máltíð í hádeginu.

Fangar í húsi 4 fá úthlutaða fæðispeninga eitt skipti í viku, nemur sú fjárhæð 1.700 kr.pr. dag eða 11.900 kr. á viku og þarf sú fjárhæð að duga til innkaupa á matvælum til þess að menn geti matreitt sér morgunverð, hádegisverð, millimál og kvöldverð.

Allir fangar sem EKKI stunda vinnu fá greidda dagpeninga að upphæð 630 kr. fyrir hvern virkan dag í viku eða 3.150 kr. og er þetta hugsað til innkaupa á munaðarvöru eins og tóbaki, sælgæti, hárvörum, sjampó og annarskonar "munað" sem ekki flokkast undir fæði.

Kostnaður við tannlæknaþjónustu er ekki greiddur að neinu leyti af stofnuninni en í neyðartilvikum greiðir stofnunin kostnað og færir heim sem lán og dregur allt að 25% af útborguðum launum eða þóknun fangans.

Tannheilsa fanga er því almennt döpur, sér í lagi hjá föngum sem hafa sætt löngum refsingum í afplánun.

Heilsufarsvandamál af öðrum toga þar sem TR tekur ekki þátt í kostnaði eru ekki greidd af stofnuninni og eru dæmi um að menn hafi komið í afplánun með kviðslit eftir handtöku (höfundur hefur séð slíkt í tveimur tilvikum nýlega) og ekki fengið viðeigandi meðferð.

Þá má nefna fatnað en stofnunin veitir hvorki styrk til kaupa á klæðnaði né útvegar klæðnað fyrir fanga í úttektum, og eins og ljóst er duga laun eða þóknun ekki fyrir slíkum innkaupum.

Rauði Krossinn fyllir sjaldan á lager af notuðum fötum og eru nær aldrei flíkur í öllum stærðum og oftast slitnar flíkur og skóbúnaður.

Boðið er upp á hársnyrtingu fyrir 6500 kr. og skeggsnyrtingu fyrir 1500 kr. auka, til þess að vinna sér inn fyrir klippingu þurfa menn að stunda vinnu í 16 klukkustundir.

Með þessu myndast stéttaskipting meðal fanga innan fangelsanna og er það mat höfundar að slíkt sé ekki uppbyggjandi fyrir fanga sem eiga að vera í betrunarvist.

Móttaka og aðbúnaður fanga

Móttaka fanga fer fram í fangelsinu á Hólmsheiði.

Allir fangar koma þar inn til úrvinnslu, við komu í fangelsið er tekið á móti föngum með líkamsleit og þeim gert að baða sig. Í framhaldi eru þeir færðir inn á þá deild sem þeim hefur verið úthlutað pláss á.

Svefnaðstaða í fangelsinu á Hólmsheiði er nokkuð betri en á Litla-Hrauni. Þó mættu dýnur vera betri, sérstaklega í ljósi þess að fangar verja mestum tíma sínum þar en ekki eru mörg störf í boði þar önnur en handverksiðja og ganga formennska.

Svefnaðstaða í fangelsinu Litla-Hrauni er með öllu ófullnægjandi, rúm úr sér gengin, dýnur lélegar og í mörgum tilvikum farnar að taka að mygla.

Allir sem hafa tekið út vist í húsakynnum Litla-Hrauns eru einróma sammála um að svefnrými og þá helst rúm þurfi nauðsynlegar úrbætur, föngum hefur verið gefinn kostur á að kaupa sér sjálfir dýnur en þurfa að sækja vottorð hjá lækni til þess og auk þess leggja út fyrir kostnaði, en verð dýnnunnar leikur á tugum þúsunda.

Er það einlæg von höfundar að tekið verði tillit til þess við byggingu nýs fangelsis á Eyrarbakka.

Sturtuadbúnaður fanga í húsi 3 á Litla-Hrauni er með öllu ófullnægjandi, ekki einungis þurfa fangar að baða sig í sameiginlegu rými heldur er sturtubúnaður óvirkur og bilaður svo að fangar hafa tekið til þess ráðs að baða sig með garðslöngu sem hefur verið hengd yfir slá sem skilur að rými milli salerni og sturtuadstöðu.

Afþreying fanga

Afþreying fanga fer að mestu, nær öllu leyti fram í klefa fanga við tölvuleikjaspil og bíómyndagláp. Til þess nota þeir sem minna mega sín flakkara og minnislykla en þeir sem hafa ráð til að kaupa sér leikjatölvu nota þær til beggja. Aðeins er í boði ein tegund leikjatölva en það er Xbox af þeirri ástæðu að þær eru af með hlutbundna hönnun og býður þess vegna upp á þann möguleika að fjarlægja þráðlaust netkort vélarinnar.

Er slík aðgerð framkvæmd til þess að reyna að hindra aðgengi fanga að veraldarvefnum og hefur tölvuverslunin Kísildalur haft einokunarrétt á því að fjarlægja og gefa út vottorð því til staðfestingar að netkort sé óvirkt eða verið fjarlægt.

Kostnaður við að kaupa Xbox er allt frá 20.000 kr. og upp í 70.000 kr. utan fangelsis, kostnaður hjá Kísildal við að fjarlægja netkort og gefa út vottorð þess efnis er 25.000 kr., höfundur gerði verðkönnun hjá helstu tölvuverslunum og voru verðin frá 3.500 kr. til 8.000 kr. annarstaðar.

Undarlegt þykir að ekki séu tekin gild vottorð frá öðrum fagaðilum og er höfundi spurn hvað liggja að baki.

Þjónusta við fanga

Alvarleg vöntun er á allri þjónustu við fanga, sálfræðiþjónusta er nánast óaðgengileg og eru dæmi um að menn klári langa dóma (24 mánuði eða lengur) án þess að hitta sálfræðing einu sinni. Menn koma margir í afplánun bugaðir og beyglaðir á sál og líkama, er því mikilvægt að tekið sé á móti fólki með viðeigandi úrræðum svo að betrun geti átt sér stað.

Heilbrigðisþjónusta er ábótavant og skipulag vantar, fangar bíða að jafnaði 3-5 vikur eftir að hitta hjúkrunarfræðing eða lækni. Dæmi eru um að menn hafi verið með hjartsláttartruflanir og hafi ekki verið fluttir á sjúkrahús til aðhlynningar, þess í stað hafi fangaverðir komið og tekið blóðþrýsting og ekki aðhafst frekar.

Lyfjameðferð er takmörkuð til að sporna við fíknivanda og eru því oft nauðsynleg lyf ekki aðgengileg föngum, sérstaklega til þess að meðhöndla athyglisbrest og ofvirkni. ~~sem dæmi má nefna Alprazolam Krka og Attentin en höfundur er bundinn þessum lyfjum vegna kvíðaröskunar og athyglisbrests en fær þess í stað Elevanse og finnst það ekki virka eins.~~

Höfundur upplifir svolítið eins og allir fangar séu stimplaðir sem fíklar og engin undanþága veitt frá þeirri reglu.

Notkun á Suboxone til þess að sporna við fráhrarfseinkennum hjá föngum sem hafa verið í neyslu ópíóða og annara morfínskyldra lyfja er ranglega framkvæmd. Engin niðurtröppun á sér stað og koma menn gjarna út úr afplánun á verri stað en áður en afplánun hófst.

Þessi lyfjastefna leiðir til ákveðinnar misnotkunar þar sem fangar hafa til dæmis gert sér upp ópíóðafíkn til þess að komast í vímu eða til þess að selja.

Fangar hafa almennt ekki ráð á kaupum á matvöru, hvað þá fíkniefnum. Þannig tíðkast svokölluð "krítarmenning" en þá fá menn lánað og slíkt leiðir oft að beitingu ofbeldis og kúgana við innheimtu, upptöku á fatnaði og eigum.

Útgjöld fanga utan fangelsis

Þá ber að nefna útgjöld fanga utan fangelsis eins og afborganir af lánum, greiðslur vegna meðlags og fleiri þátta. Félagsráðgjafar starfa í fangelsunum og er í þeirra verkahring að aðstoða menn í þessum aðstæðum.

Internetnotkun og aðgengi fanga að veraldarvefnum

Þá má fjalla um aðgengi fanga að veraldarvefnum en þetta er umdeilt umræðuefni af mörgum ástæðum. Fangar hafa aðgang að tveimur tölvum sem hafa internet aðgang til þess að sækja Skype fundi við sína nánustu og þurfa að panta tíma með fyrirvara.

Tímabantanir hefjast á mánudagsmorgna fyrir hverja viku í senn og geta menn pantað 1 klst. í senn en leyfilegt er að sækja tvo fundi í viku. Seinni fund má bóka á miðvikudegi en oft er orðið uppþókað fram að helgi um eða kringum hádegi á mánudögum.

Tímatafla fyrir aðsókn fanga að Skype er eftirfarandi;

- Mánudaga - fimmtudaga | 16:00 - 21:00.
- Föstudaga | 14:00 - 21:00.
- Laugardaga og sunnudaga | 10:00 - 21:00.

Eins og auga gefur leið komast færri að en vilja og hefur höfundur ákveðnar hugmyndir um hvernig mætti bæta stöðuna en fjallað er um það aðeins seinna í þessari skýrslu.

Fangar nota fjölbreyttar leiðir til þess að komast í netsamband og dæmi eru um að menn hafi smyglað litlum snjallsímum inn í fangelsið til þess að komast í samband við fólkið sitt en á hverri deild deila 11 manns einum landlínusíma og ekki er óalgengt að röskun sé á símkerfi fangelsisins þannig að síminn verður óvirkur.

Í nútímasamfélagi fer meirihluti samskipta fram á öðrum miðlum, fréttir eru birtar á veraldarvefnum og mikilvæg samskipti og viðskipti einnig, sem dæmi má nefna að þegar hringt er í þjónustusíma Íslandsbanka tekur á móti manni rödd sem segir manni að allar millifærslur utan eigin kennitölu krefjist rafrænna skilríkja.

Er það því sterk skoðun höfundar að tímabært sé að gera miklar breytingar á reglum um takmarkanir fanga í samskiptum við umheiminn. Þessu til hliðsjónar mætti skoða reynslu fangelsa í Belgíu og Noregi þar sem föngum er úthlutaður snjallsími með uppsettu stýrikerfi (firmware) sem veitir fangelsinu fulla yfirsýn og stjórn á netnotkun og aðgengi fangans.

Sem dæmi er hægt að loka fyrir öpp með þessum hætti og væri því hægt að nota snjallsímamann sem hvatatæki að góðri hegðun.

Er það tillaga höfundar að reyna að koma á umbunarkerfi sem myndi hvetja til bættrar hegðunar en þannig skapast sjálfkrafa vettvangur til flokkaskiptinga sem myndi auðvelda greiningu á tegund fanga og mögulega upphafið að sérhæfðu meðferðarferli. Kostirnir við innleiðingu þessarar hugmyndar eru ótvíræðir, ekki einungis skapast hvati til góðrar hegðunar heldur fær stofnunin tól til þess að fylgjast með og stýra notkun þess sem á í hlut.

Núverandi staða er þannig að allir fangar eru settir undir sama hatt, þannig eru fangar sem eru jafnvel í mikilli neyslu og telja sig ekki hafa neinu að tapa vistaðir í samneyti og á sömu deildum og fangar sem eru í bata eða að reyna að finna betrun.

Fangar og tengdir aðilar ganga svo langt að kalla fangelsin kjötgeymslur í núverandi mynd.

Aðstaða til íþróttaiðkunar og heilsubóta

Aðstaða til líkamsræktar er bæði döpur og illa tækjum búin, öll laus lóð voru fjarlægð í kjölfar áfloga sem brutust út í tækjasal Litla-Hrauns 2011 en umfjöllun beindist að því að menn væru ýmist of sterkir og þess vegna hættulegir, er það mat höfundar að það séu sjálfsögð réttindi hvers og eins að leggja stund á íþróttir hvort sem um er að ræða kraftlyftingar, aflraunir og steinatök eða ballett og badminton.

Eru komin 12 ár síðan þessi ákvörðun var tekin og fróðlegt væri að sjá hvort meintum handrúkkunum hafi fækkað en þau voru rök Fangelsismálastjóra á gefinni stundu. Í sama viðtali fullyrti hann að aðgengi yrði tryggt að öðrum líkamsræktartækjum en tækjakostur fangelsisins er ekki bara lúinn heldur úr sér genginn og jafnvel í sumum tilfellum hættulegur.

Spurning er hvort ekki megi endurskoða umræddar reglur og huga heldur að bættri gæslu í íþróttahúsi frekar en að takmarka aðgengi að heilsubótum.

Opnunartímar verslunar

Verslun fyrir fanga er opin tvo daga í viku að viðbættum einum degi þar sem matarpantanir eru afgreiddar fyrir fanga í húsi 4.

Núverandi fyrirkomulag er þannig að verslun er aðgengileg á eftirfarandi tímum:

Mánudaga:

- fyrir deild 1A 11:15-11:45
- fyrir fanga án vinnu eða skóla 13:30-14:30
- fyrir fanga í vinnu eða skóla 15:30-16:30

Þriðjudaga

- pantanir afgreiddar fyrir fanga á deild 1A

Miðvikudagur

- pantanir afgreiddar fyrir aðrar deildir í Húsi 4

Fimmtudaga

- fyrir deild 1A 11:15-11:45
- fyrir fanga án vinnu eða skóla 13:30-14:30
- fyrir fanga í vinnu eða skóla 15:30-16:30

Oft myndast biðraðir utan við verslunina og stundum komast ekki allir að.

Opin úrræði

Opin úrræði hafa reynst vel en oft má gott gera betur, eins og í öðrum úrræðum á Íslandi er lítið um verkefni fyrir fanga. Má því skoða að líta til framtíðar og kanna möguleikana á námi og þjálfun fanga í formi upplýsingatækni og jafnvel við framleiðslu á einhverskonar stafrænu efni. Margir fangar á Íslandi eru hæfileikaríkir og hafa villst á ranga leið, er tilvalið að rækta hæfileika fjarri allri truflun úti í náttúrunni og læra að láta ljós sitt skína að nýju.

Allir fangar ættu að eiga kost á greiningu og stöðu/hæfnisprófi til þess að stuðla að tryggri afkomu fangans að úttekt lokinni, endurkomuhlutfall fanga á Íslandi er sorglega hátt og bendir til þess að það sé brotin spýta einhverstaðar. Kominn tími á breytingar.

Algjört bann við notkun á samfélagsmiðlum er úreld regla, hér er dæmi um verkfæri fyrir stofnunina til þess að byggja hvata en nota sem refsitól ef menn brjóta af sér. Andfélagsleg hegðun lagast ekki eða batnar ef menn eru settir algjörlega út fyrir samfélagið. Tæknileg útfærsla ýmissa forrita kemur líka oft í veg fyrir notkun þeirra þar sem innskráningarferli þeirra fer stundum fram í gegnum samfélagsmiðla.

Polendur geta útilokað gerendur á öllum tegundum samfélagsmiðla hafi þeir stuðandi áhrif, gerist gerandi sekur um áreiti í garð þolenda fær hann refsingu, aðgengi að veraldarvefnum kemur ekki sjálfkrafa og þurfa menn að vinna sér inn fyrir því.

Áfangaheimilið Vernd

Gjaldtaka fyrir vistun á áfangaheimilinu er umdeild, fangar greiða 96.000kr viðverugjald (leigu) fyrir hvern mánuð sem þeir eru vistaðir í þessu úrræði.

Þetta er eitt dæmi um að stéttaskipting skapast, ekki allir fangar hafa ráð á úrræðinu og í raun ættu allir að hafa jöfn tækifæri.

Enn fremur erfiðar þetta föngum að afla sér fjár til þess að koma undir sig fótunum í lok úttektar eftir langa vist í fangelsi og þeir sem hafa verið í styttri tíma eru jafnvel að reka heimili utan fangelsis og eiga í vandræðum að standa skil.

Rafrænt eftirlit með ökklabandi

Framkvæmd á þessu úrræði er einnig umdeild meðal fanga og þá sér í lagi sú krafa að fangi skuli fyrst þurfa að taka út afplánun á áfangaheimili Verndar.

Ein hugmyndin að endurbótum er að þeir sem hafa heimili og eru í sambúð fái undanþágu frá ákvæði um vistun á Vernd og taki frekar út "verndartíma" sinn undir rafrænu eftirliti en hlíti þá strangari reglum og eftirliti eins og til dæmis reglubundnum áfengis- og vímuefnaprófum.

Niðurstaða

Höfundur og aðrir fangar reynt að koma til viðræðna við stjórnendur fangelsanna og refsivörslukerfisins vegna bágra kjara fanga án árangurs. Tekið var til þess ráðs að reyna að knýja fram breytingar með boðun verkfalls sem var þaggað í viðtali við fangelsismálastjóra.

Stórt spurningamerki er sett fram varðandi hagnað fangelsisins á útseldri vinnu sem fangarnir framkvæma og hvers vegna þeir fá ekki mannsæmandi laun fyrir. Þá er einnig vert að nefna 100 krónu hækkun pr.dag á fæðispeningum en sú hækkun er eiginlega bara móðgun, hvað kaupir maður fyrir 100kr, hvað kaupir maður fyrir 700kr (vikuleg upphæð)?

Þörf er á tafarlausum breytingum á núverandi fyrirkomulagi, spyrja má hvort ekki sé um hrein mannréttindabrot að ræða.

Nær allir fangar í fangelsinu Litla-Hrauni kvarta undan skort á heilbrigðisþjónustu og er full ástæða til, er þetta eitt brýnasta erindi sem brennur á gómum manna en er þar sérstaklega fjallað um skort á geðheilbrigðisþjónustu.

Er það ósk höfundar að samantekt þessi vekir athygli á vanköntum þeim sem finnast á núverandi mynd refsivörslukerfisins og verði til þess að knýja fram breytingar eftir birtingu í fjölmiðlum.